Árið 1994

# FLUGTÖLUR

## Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð

### FLUGFLOTI




Í árslok 1994 voru 313 loftför skráð á Íslandi á móti 319 á sama tíma árið áður. Þetta er 2% fækkun milli ára. Skráð loftför hér á landi hafa ekki verið færri sl. sex ár.

Á árinu fækkaði þungum flugvélum (yfir 5.700 kg) um tvær, léttum flugvélum fækkaði um sjö, þyrlufjöldi er sá sami en svifflugum fjölgaði um þrjár.

Síðastliðinn áratug hefur íslenskum loftförum fjölgað að meðaltali um 3% á ári. Meðaltalsbreyting sl. fimm ár er engin.

### SKÍRTEINI EINSTAKLINGA




Gild skírteini einstaklinga í árslok 1994 voru samtals 1.865 en það er 3% fækkun milli ára.

Dæmi um fjölmennustu hópa skírteinishafa í lok ársins eru: Einkaflugmenn 599, atvinnuflugmenn 452, flugvéltæknar 240, flugvélstjórar 47, flugumferðarstjórar 94, flugkennarar 91, flugnemar 71, flugumsjónarmenn 22 og svifflugmenn 73. Í árslok voru 174 blindflugsskírteini í gildi.

Á milli áranna 1993 og 1994 fækkaði skírteinum í eftirtöldum hópum: Flugnemar 35%, flugumsjónarmenn 4%, einkaflugmenn, atvinnuflugmenn og flugvéltæknar 2%, flugumferðarstjórar 1%. Fjöldi flugvélstjóra stóð í stað en svifflugmönnum fjölgaði um 30% og flugkennurum um 10%. Blindflugmönnum fjölgaði um 14% milli ára.

Síðastliðinn áratug hefur einstaklingsskírteinum í gildi fjölgað um 2% að meðaltali á ári. Þessum skírteinum fjölgaði að meðaltali um 4% á ári sl. fimm ár.

### ÚTHAFSFLUGUMFERÐ




Árið 1994 fóru 68.679 flugvélar um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið eða 6% fleiri en árið áður. Fara verður aftur til ársins 1990 til að finna jafnmikla aukningu á milli ára.

Umferð herflugvéla fer jafnt og þétt minnkandi og var hún aðeins 9% af heildarflugumferð ársins 1994. Fimm árum áður var þetta hlutfall 15%.

Síðastliðinn áratug hefur umferð flugvéla um svæðið aukist að meðaltali um 4% á ári. Meðaltalsbreyting sl. fimm ár er -1%.

### FARÞEGAR INNANLANDS







Árið 1994 fóru alls 348.921 innanlandsfarþegar um íslenska áætlunarflugvelli. Fjölgunin er 7% milli ára.

Árið 1994 fjölgaði farþegum mest á eftirtöldum flugvöllum: Ísafjörður 17%, Akureyri 11%, Vestmannaeyjar 9%, Reykjavík 7%, Húsavík 6% og Sauðárkrókur 1%. Á árinu fækkaði farþegum á Hornafirði um 9%.

Heildarfjöldi innanlandsfarþega á áætlunarflugvöllum landsins hefur að meðaltali aukist um 1% á ári sl. áratug. Síðastliðin fimm ár hefur farþegum einnig fjölgað að meðaltali um 1% á ári.

### FARÞEGAR MILLI LANDA







Alls fóru 635.860 millilandafarþegar um íslenska áætlunarflugvelli árið1994. Fjölgunin er 12% milli ára.

Hlutfallsleg fjölgun var 48% í Reykjavík og 10% í Keflavík. Árið 1994 var fyrsta heila árið sem hinn nýi Egilsstaðaflugvöllur var starfræktur og fóru 868 millilandafarþegar þar um á árinu.

Síðastliðin fimm ár hefur heildarfjöldi farþega í millilandaflugi um Keflavíkurflugvöll vaxið um 3% á ári að meðaltali.

### VÖRUR OG PÓSTUR INNANLANDS




Alls voru flutt 2.568 tonn af vörum og pósti í innanlandsflugi árið 1994 sem er 7% samdráttur miðað við árið áður. Vöruflutningarnir minnkuðu um 2% og póstur dróst saman um 18% á árinu.

Flutningar á vörum og pósti drógust saman á öllum áætlunarflugvöllum nema tveimur. Á Egilsstöðum var 3% aukning og á Ísafirði 1% aukning. Samdrátturinn varð hlutfallslega mestur á Húsavík eða 43%, 14% í Vestmannaeyjum og 11% í Reykjavík og á Sauðárkróki.

Heildarmagn af vörum og pósti í innanlandsflugi hefur að meðaltali dregist saman um 6% á ári síðastliðinn áratug. Meðaltalsfækkun sl. fimm ár er 10% á ári.

### VÖRUR OG PÓSTUR MILLI LANDA




Vöru- og póstflutningar í millilandaflugi um íslenska áætlunarflugvelli jukust um 11% árið 1994 og námu samtals 15.318 tonnum. Vöruflutningar jukust um 13% og 1% aukning var á pósti.

Árið 1994 var 11% aukning á vörum og pósti á Keflavíkurflugvelli en 15% samdráttur varð á Reykjavíkurflugvelli.

Síðastliðin fimm ár hefur flutningur á vörum og pósti í millilandaflugi um Keflavíkurflugvöll aukist að meðaltali um 3% á ári.

### FLUGHREYFINGAR INNANLANDS




Í innanlandsflugi fjölgaði flughreyfingum (flugtök og lendingar) í áætlunar- og leiguflugi um 6% en þær voru 62.682 talsins, snertilendingar (æfingalendingar) voru 51.873 sem er 3% fækkun og hreyfingar í öðru flugi innanlands voru 41.912 eða 7% fleiri en árið 1993.

Árið 1994 fjölgaði flughreyfingum í innanlandsflugi um 16% á Egilsstöðum, 11% á Hornafirði, 9% á Ísafirði og 3% á Akureyri. Flughreyfingum fækkaði um 6% á Húsavík og 3% á Sauðárkróki á árinu.

Heildarfjöldi flughreyfinga á íslenskum áætlunarflugvöllum árið 1994 var samtals 175.342, eða 2% fleiri en árið áður, þar voru 156.467 hreyfingar í innanlandsflugi og 18.875 í millilandaflugi.


*1. tbl. 2 árg. Útgefi 16/05 1995.*
*Flugtölur koma út tvisvar á ári.*

FLUGMÁLASTJÓRN

*Prentað á umhverfisvænan pappír.*

# FLUGTÖLUR

## Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð

### Íslensk loftför á skrá 1985 - 1994

| Ár | Þungar flugvélar | Léttar flugvélar | Svifflugur | Þyrlur | Samtals | Breyting frá f.ári |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1985* | 19 | 189 | 20 | 3 | 231 | 4,5% |
| 1986 | 19 | 204 | 23 | 3 | 249 | 8,3% |
| 1987* | 16 | 234 | 24 | 3 | 277 | 11,2% |
| 1988 | 16 | 267 | 25 | 3 | 311 | 12,3% |
| 1989 | 16 | 279 | 24 | 4 | 323 | 3,9% |
| 1990 | 14 | 273 | 25 | 3 | 315 | -2,5% |
| 1991 | 18 | 273 | 24 | 5 | 320 | 1,6% |
| 1992 | 19 | 271 | 24 | 5 | 319 | -0,3% |
| 1993 | 24 | 264 | 26 | 5 | 319 | 0,0% |
| 1994 | 22 | 257 | 29 | 5 | 313 | -1,9% |

**) Tölur fyrir árin 1985 og 1987 voru rangar í Flugtölum ársins 1993 en leiðréttast hér með.*

### Gild skírteini einstaklinga 1985 - 1994

| Ár | Fjöldi skírteina | Breyting frá fyrra ári |
|---|---|---|
| 1985 | 1.554 | 20,7% |
| 1986 | 1.540 | -0,9% |
| 1987 | 1.494 | -3,0% |
| 1988 | 1.630 | 9,1% |
| 1989 | 1.649 | 1,2% |
| 1990 | 1.659 | 0,6% |
| 1991 | 1.642 | -1,0% |
| 1992 | 1.753 | 6,8% |
| 1993 | 1.920 | 9,5% |
| 1994 | 1.865 | -2,9% |

### Gild skírteini einstaklinga 1/1 1995

| Tegund skírteinis | Fjöldi | Breyting 94/93 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|
| Atvinnuflugmenn / flugvél | 178 | -4,8% | 9,5% |
| Atvinnuflugmenn / þyrla | 13 | 0,0% | 0,7% |
| Atvinnuflugmenn I fl,/ flugvél | 257 | 1,6% | 13,8% |
| Atvinnuflugmenn I fl,/ þyrla | 4 | 0,0% | 0,2% |
| Atvinnuflugmenn II fl,/ flugvél | 0 | -100,0% | 0,0% |
| Blindflugsmenn | 174 | 14,5% | 9,3% |
| Einkaflugmenn / flugvél | 598 | -1,6% | 32,1% |
| Einkaflugmenn / þyrla | 1 | 0,0% | 0,1% |
| Flugkennarar | 91 | 9,6% | 4,9% |
| Flugnemar | 71 | -34,9% | 3,8% |
| Flugumferðarstjórar | 94 | -1,1% | 5,0% |
| Flugumsjónarmenn | 22 | -4,3% | 1,2% |
| Flugvélstjórar | 47 | 0,0% | 2,5% |
| Flugvéltæknar | 240 | -2,0% | 12,9% |
| Fullgildingar | 2 | -95,1% | 0,1% |
| Svifflugmenn | 73 | 30,4% | 3,9% |
| | 1.865 | -2,9% | 100,0% |

### Umferð um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið 1985 - 1994

| Ár | Fjöldi ferða | Breyting frá fyrra ári |
|---|---|---|
| 1985 | 46.918 | 13,41% |
| 1986 | 51.810 | 10,43% |
| 1987 | 53.113 | 2,51% |
| 1988 | 62.174 | 17,06% |
| 1989 | 66.929 | 7,65% |
| 1990 | 70.589 | 5,47% |
| 1991 | 64.660 | -8,40% |
| 1992 | 63.102 | -2,41% |
| 1993 | 64.955 | 2,94% |
| 1994 | 68.679 | 5,73% |

### Skipting umferðar um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið 1990 - 1994

| Ár | Borgaralegt flug | Herflug | Samtals | Hlutfall herflugs |
|---|---|---|---|---|
| 1990 | 60.258 | 10.331 | 70.589 | 15% |
| 1991 | 53.048 | 11.612 | 64.660 | 18% |
| 1992 | 54.940 | 8.162 | 63.102 | 13% |
| 1993 | 57.769 | 7.186 | 64.955 | 11% |
| 1994 | 62.246 | 6.433 | 68.679 | 9% |

### Innanlandsfarþegar um íslenska áætlunarflugvelli 1994 *)

| Flugvöllur | Farþegafjöldi | Breyting 94/93 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 303.580 | 7,5% | 43,5% |
| Akureyri | 126.553 | 11,3% | 17,4% |
| Vestm.eyjar | 85.950 | 9,4% | 12,3% |
| Egilsstaðir | 49.891 | -0,3% | 7,1% |
| Ísafjörður | 52.262 | 17,4% | 7,5% |
| Hornafjörður | 14.672 | -9,1% | 2,1% |
| Húsavík | 14.003 | 6,4% | 2,0% |
| Sauðárkrókur | 11.136 | 1,3% | 1,6% |
| Aðrir flugvellir | 39.795 | -4,1% | 5,7% |
| | 697.842 | 7,2% | 100,0% |

**) Hver farþegi er tvítalinn, þ.e. bæði við brottför og komu, en 18.427 áningarfarþegar eru ekki taldir með.*

### Millilandafarþegar um íslenska áætlunarflugvelli 1994

| Flugvöllur | Brottfarar-/komufarþ. | Áningarfarþegar | Samtals | Breyting 94/93 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 619.215 | 220.417 | 839.632 | 9,8% | 98,1% |
| Reykjavík | 9.634 | 0 | 9.634 | 48,2% | 1,1% |
| Akureyri | 6.143 | 0 | 6.143 | - | 0,7% |
| Egilsstaðir | 868 | 0 | 868 | - | 0,1% |
| | 635.860 | 220.417 | 856.277 | 11,9% | 100,0% |

### Vöru- og póstflutn. innanlands um íslenska áætlunarflugvelli 1994 *)

| Flugvöllur | Vörur / Tonn | Póstur / Tonn | Samtals / Tonn | Breyting 94/93 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 1.443,3 | 604,3 | 2.047,6 | -10,8% | 38,5% |
| Akureyri | 811,4 | 65,9 | 877,3 | -2,7% | 16,5% |
| Egilsstaðir | 427,1 | 166,0 | 593,1 | 2,6% | 11,2% |
| Ísafjörður | 270,6 | 188,2 | 458,8 | 1,4% | 8,6% |
| Vestm.eyjar | 150,9 | 36,8 | 187,8 | -14,3% | 3,5% |
| Sauðárkrókur | 160,2 | 0,0 | 160,2 | -10,6% | 3,0% |
| Hornafjörður | 104,0 | 45,7 | 149,8 | -3,0% | 2,8% |
| Húsavík | 67,1 | 0,0 | 67,1 | -43,0% | 1,3% |
| Aðrir flugvellir | 551,1 | 224,2 | 775,3 | -4,9% | 14,6% |
| | 3.985,7 | 1.331,0 | 5.316,7 | -6,9% | 100,0% |

**) Vörur og póstur eru tvítalinn þ.e. bæði við brottför og komu.*

### Vöru- og póstflutn. milli landa um íslenska áætlunarflugvelli 1994

| Flugvöllur | Vörur / Tonn | Póstur / Tonn | Samtals / Tonn | Breyting 94/93 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 15.311,5 | 2.019,3 | 17.330,8 | 11,2% | 99,9% |
| Reykjavík | 6,5 | 6,6 | 13,1 | -14,6% | 0,1% |
| | 15.318,1 | 2.025,8 | 17.344,0 | 11,2% | 100,0% |

### Flughreyfingar innanlands á íslenskum áætlunarflugvöllum 1994

| Flugvöllur | Áætlunar-/leiguflug | Annað flug | Snertilendingar | Samtals | Breyting 94/93 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 20.824 | 22.142 | 31.073 | 74.039 | 2,4% | 47,3% |
| Akureyri | 9.028 | 2.993 | 2.740 | 14.761 | 3,4% | 9,4% |
| Vestm.eyjar | 11.506 | 5.226 | 346 | 17.078 | 4,4% | 10,9% |
| Egilsstaðir | 4.144 | 1.050 | 371 | 5.565 | 15,7% | 3,6% |
| Ísafjörður | 3.218 | 812 | 0 | 4.030 | 9,4% | 2,6% |
| Hornafjörður | 1.686 | 486 | 50 | 2.222 | 10,7% | 1,4% |
| Húsavík | 1.284 | 100 | 107 | 1.491 | -5,6% | 1,0% |
| Sauðárkrókur | 1.318 | 278 | 24 | 1.620 | -2,8% | 1,0% |
| Keflavík | 523 | 7.158 | 17.098 | 24.779 | -2,2% | 15,8% |
| Aðrir flugvellir | 9.151 | 1.667 | 65 | 10.883 | -7,4% | 7,0% |
| | 62.682 | 41.912 | 51.873 | 156.467 | 1,8% | 100,0% |

**) Hver snertilending í Reykjavík og Keflavík var tvítalin í Flugtölum ársins 1993 en er hér aðeins talin einu sinni.*

### Flughreyfingar milli landa á íslenskum áætlunarflugvöllum 1994

| Flugvöllur | Áætlunar-/leiguflug | Annað flug | Samtals | Breyting 94/93 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 9.829 | 5.431 | 15.260 | -2,2% | 80,8% |
| Reykjavík | 1.004 | 2.372 | 3.416 | 14,1% | 18,1% |
| Akureyri | 189 | 0 | 189 | - | 1,0% |
| Egilsstaðir | 10 | 0 | 10 | - | 0,1% |
| | 11.072 | 7.803 | 18.875 | 1,3% | 100,0% |

*Umsjón: Gunnar Þorsteinsson • Tölfræði: Sigrún Geirsdóttir, Óskar Tryggvi Svavarsson • Ljósmynd: Fokker • Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf.*